

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alur Helguvík



Dags eftirlits	11.11.2014	Fulltrúi UST	Sigríður Kristjánsdóttir
Fyrirtæki	Alur	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Heimili	Borgartúni 26	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5903982099	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Halldór Jónsson	ÍSAT nr.	27.42 Álvinnsla
Fulltrúi fyrirtækis	Þorsteinn Adamsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik voru skráð og engar athugasemdir gerðar við starfsemina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið yfir öryggisblöð um hráefni sem skilað hefur verið til Umhverfisstofnunar.

Rætt var um áhættumat og viðbragðsáætlun sem samþykkt voru árið 2005. Fara þarf yfir áætlanir og endurskoða eftir þörfum.

Rætt var um meðhöndlun gjallsands og áætlun Als um úrbætur vegna hennar.

Farið var yfir niðurstöður úr umhverfisvöktun sem liggja fyrir og hafa verið sendar stofnuninni. Í þeim kemur fram að allir efnispættir sem greindir voru í sjó og jarðvegi séu innan skilgreindra viðmiðunarmarka. Hávaðamæling og útblástursmælingar sem fyrirskrifaðar eru í starfsleyfi hafa verið gerðar og niðurstöður sendar stofnuninni. Niðurstöður þeirra eru undir mörkum starfsleyfis og reglugerða.

Rætt var um niðurstöður útskolunarprófs á kerfóðringum sem geymdar eru á lóð rekstraraðila. Niðurstöður benda til þess að hægt sé að koma þeim í förgun á almennum urðunarstað. Um er að ræða 30-35 tonn.

Gengið var um lóð og farið að skolgryfju. Svæði við skolgryfju er afgirt og merkt sem vinnusvæði.

ANNAÐ

Umhverfisstofnun hefur samþykkt áætlun um úrbætur þess efnis að gjallsandi sem safnað hefur verið upp á umráðasvæði Als í Helguvík, verði skilað til Norðuráls sem mun koma honum fyrir í flæðigryfjum sínum.

Erindi varðandi notkun gjallsands sem uppfyllingarefni í Selvík er til meðferðar hjá stofnuninni.

Reykjavík, 08.12.2014

Sigríður Kristjánsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.